

Stjórnarfundur LH 27. október 2006

18. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson og Halldór Halldórsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Reikningar LH

Umræða um reikninga LH og þeir skýrðir.

3. Önnur mál.

- a. **Bréf frá þýska sendiráðinu um unglingskipti.** Málinu verður vísað til hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði.
- b. **Fulltrúi í ÍAK** Samkvæmt ósk Íþróttakademiunnar í Kópavogi var ákveðið að skipa fulltrúa LH til undirbúnings hestabrautar. Samþykkt að skipa Sigurbjörn Bárðarson með sérstöku skipunarbréfi ásamt fulltrúum hestamannafélagana á svæðinu, Gusti og Andvara.
- c. **Erindi frá Árna Gunnarssyni** fulltrúa leiðbeiningarmiðstöðvar á Sauðárkróki. Stjórn LH telur rétt að skoða málið jákvætt
- d. **Bókun frá Jóni Alberti.** Jón sendi ýmsum samstarfsaðilum bréf í tilefni af því að hann er að hætta. Í bréfunum lýsir hann ákveðnum áhyggjum af framtíð hestamennskunnar. LH hefur sent inn umsókn til þróunarverkefnis í hestamennsku upp á 8 milljónir samtals, í tvö verkefni, þ.e. ráðningar sérfræðings í reiðvegagerð tímabundið og svo samstarfsverkefni með fjölgrautarskóla Suðurlands.
- e. **Litabók íslenska hestsins.** Stjórn LH samþykkir að drífa verkefnið áfram og klára það sem fyrst.
- f. **Þakkarbréf frá Frakklandi** vegna stuðnings við tvo þjálfara til að sækja menntaráðstefnu FEIF að Hólum.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*